

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 4. júní 2026

Mál nr. S-748/2026:

Héraðssaksóknari

(Harpa Sólveig Björnsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Alfreð Þór Jóhannessyni

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 13. maí 2026, var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðs-saksóknara 5. febrúar 2026, á hendur: „Alfreð Þór Jóhannessyni, kennitala [...], [...], fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa laugardaginn 9. mars 2024, í íbúð að [...], slegið A, kennitala [...], endurtekið með hafnaboltakylfu víðs vegar um líkamann, þar á meðal í höfuð, með þeim afleiðingum að hann hlaut mar og yfirborðs-áverka á höfði, hálsi, bók og útlimum.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Krafist er upptöku á rauðri hafnaboltakylfu (munur [...]), sem notuð var til að fremja ofangreint brot, með vísan til 1. tl. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Einkaréttarkrafa

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð 1.200.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 9. mars 2024, þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati réttarins, að viðbættum 24% virðisaukaskatti, fyrir að halda fram bótakröfu sinni í málinu.“

- Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins en til vara að honum verið dæmd vægasta refsing er lög leyfa og að dæmd refsing verði skilorðsbundin. Þá gerir ákærði ekki athugasemd við upptökkröfu. Ákærði krefst þess að bótakröfu verði aðallega vísað frá dómi en til vara að bætur verði verulega lækkaðar. Loks krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Helstu málsatvik

3. Lögregla var þann 9. mars 2024, kl. 05:14, send að [...] vegna tilkynningar um öskur og læti frá íbúð í húsinu. Lögreglumenn B og C fóru á vettvang og heyrðist þá mikið háreysti úr íbúð nr. [...]. Er lögregla knúði dyra opnaði vitnið D og var hún æst og benti á aðila sem var inni í íbúðinni sem reyndist vera brotþoli, A, og sagði hann hafa beitt hana ofbeldi. Kom fram að þau höfðu áður verið par. Ákærði var einnig í íbúðinni og vitnið E. Brotþoli sagði ákærða hafa barið sig ítrekað með hafnaboltakylfu og var hann með sjáanlega áverka víðs vegar um líkamann.
4. Lögregla ræddi á vettvangi við brotþola og var honum áður kynnt réttarstaða sakbornings. Hann sagði að D hefði verið reið og ölvuð og hefði viljað fara til E, vinkonu sinnar. Kvaðst hann hafa staðið fyrir útidyrhurðinni svo að D kæmist ekki út af því að hann hafði áhyggjur af því að hún hefði ætlað að taka inn fíkniefni með E. D hefði slegið hann með opnum lófa í andlitið og reynt að slá hann aftur. Hann hefði þá ýtt D frá sér og hefði D síðan hleypt ákærða og E inn í íbúðina og hefði ákærði verið vopnaður rauðri hafnaboltakylfu. Kvaðst hann hafa reynt að ræða við ákærða en ákærði hefði snappað og byrjað að berja hann víðs vegar um líkamann og í höfuðið með hafnaboltakylfunni þangað til lögregla kom á vettvang.
5. Lögregla ræddi einnig við D á vettvangi og var henni áður kynnt réttarstaða sakbornings. Hún var í uppnámi og átti erfitt með að tjá sig í fyrstu. Hún sagði að þau brotþoli hefðu hætt saman um viku fyrr en hún leyft honum að koma í heimsókn nóttina áður. Um leið og hann hefði lokað hurðinni á íbúðinni hefði hann gert sig breiðan og staðið fyrir hurðinni. Hún hefði orðið mjög hrædd og viljað fara út en hann ekki leyft henni það. Brotþoli hefði hrint henni hingað og þangað um íbúðina og ýtt henni upp við vegg og tekið hana kyrkingartaki. Einnig hefði hann haldið henni niðri í rúminu og tekið hana kyrkingartaki. Hún hefði náð að senda E skilaboð um að hún þyrfti aðstoð og hefði E komið stuttu síðar ásamt ákærða og hún þá hent lyklum til þeirra niður af svölunum. Þegar þau hefðu komið inn í íbúðina hafði ákærði varið sig aðeins.
6. Á vettvangi ræddi lögreglan einnig við E og var henni kynntur réttur sinn til að skorast undan að svara spurningum lögreglu sökum tengsla við málsaðila. Kvaðst hún hafa fengið neyðarskilaboð frá D um að það væri verið að beita hana ofbeldi. Hún hefði farið til D ásamt ákærða, [...], til að aðstoða D. Þegar þau komu að byggingunni hefðu þau heyrt brothljóð og læti inni í íbúð D og séð hana koma út á svalir og henda til þeirra húslyklum. Þau hefði síðan farið inn til að aðstoða D. Vildi E ekki tjá sig frekar um atvik inni í íbúðinni.
7. Ákærði var handtekinn á vettvangi og fluttur á lögreglustöð og brotþoli var fluttur á bráðamóttöku Landspítalans. Lögregla lagði hald á handboltakylfu á vettvangi. Í frumskýrslu málsins eru myndir af áverkum á brotþola og af hafnaboltakylfu, með skýringum. Þá liggja að auki fyrir myndir sem teknar voru af brotþola á bráðamóttöku.
8. Í skýrslu lögreglumanns F er það rakið að hann hefði komið á vettvang ásamt fleiri lögreglumönnum á meðan lögreglumenn B og C ræddu einslega við brotþola. Hann

hefði spurt D af hverju brotaþoli væri með áverka og hefði ákærði þá sagt að hann hefði ráðist á brotaþola. Hann sagðist vera kominn með nóg af því að brotaþoli væri ítrekað að ráðast á D og allir vissu af því en enginn gerði neitt. D, sem hefði verið frekar æst, hefði þá sagt að ákærði hefði verið að verja hana. Þá er rakið í skýrslunni að lögreglumaður G hefði fundið hafnaboltakylfu undir borði fyrir aftan sófann í stofunni. Í málinu liggur fyrir ljósmynd af kylfunni og verður af henni ráðið að um hafi verið að ræða hefðbundna hafnaboltakylfu, rúmlega hálfur metri á lengd.

9. Fyrir liggja upptökur úr bókmyndavélum þeirra lögreglumanna sem voru á vettvangi og endurrit af þeim samræðum sem þar heyrast. Má þar m.a. heyra framangreind orð ákærða um að hann hafi verið valdur að áverkum brotaþola og brotaþola segja ákærða hafa lamið sig svona 20 sinnum í höfuðið með kylfu og síðan að ákærði hefði lamið hann með kylfu úti um allt, líka í höfuðið.
10. Þá liggur fyrir skýrsla rannsóknarlögreglumanns H sem kölluð var á vettvang vegna hugsanlegs heimilisofbeldis. Þar er vettvangi lýst svo að um sé að ræða íbúð með einu svefnherbergi. Sjá hafi mátt mikið af tómum bjórdósum inni í eldhúsi og mikið hafi verið á rúi og stúi í íbúðinni. Hilla við útidyrarhurð hafi verið brotin og mikið af glerbrotum á gólfi.
11. Einnig er því lýst í skýrslunni að lögreglumaðurinn hefði tekið skýrslu af D sem tekin var upp á bókmyndavél og var henni áður kynnt ákvæði 117. gr. laga um meðferð saka-mála nr. 88/2008. Lýsti hún atvikum í meginatriðum á sama veg og rakið er í frum-skýrslu. Því til viðbótar sagði hún brotaþola hafa kastað sér, þ.e. D, á skáp og hefði hún meiðst í bakinu við það. Einnig staðfesti hún að hafa slegið brotaþola einu sinni og hefði hann við það fengið blóðnasir. Þá væru glerbrotin vegna þess að brotaþoli hefði verið að kasta glösum. Kvaðst hún hafa verið mjög hrædd um líf sitt. Sagði hún að ákærði og brotaþoli hefðu slegist eftir að ákærði og E komu og hefðu þeir báðir verið að lemja og sparka hvor í annan. Kvaðst hún ekki hafa séð ákærða nota hafnaboltakylfu.
12. Einnig ræddi lögreglumaðurinn við E og var henni einnig kynnt ákvæði 117. gr. laga nr. 88/2008. Lýsti hún atvikum í meginatriðum eins og rakið er í frumskýrslu en kaus að tjá sig ekki um ætlað ofbeldi milli ákærða og brotaþola.
13. Við aðalmeðferð málsins voru af hálfu ákærða lögð fram skjáskot af skilaboðum milli E við D. Skilaboðin eru ekki tímasett en D óskar þar eftir aðstoð og segir hún í lok þeirra *sos* og *núna* og E svarar *omw*.
14. Fyrir liggur vottorð I sérfræðilæknis, dagsett 21. mars 2024, vegna komu brotaþola á bráðamóttöku 9. mars 2024, kl. 06:15. Þar kemur fram að brotaþoli hefði lýst atvikum svo að hann hefði verið heima hjá kærustu sinni þegar [...] hennar hefði komið þangað og ráðist á hann með hafnaboltakylfu. Hann hefði slegið hann endurtekið víðs vegar um líkamann og kvaðst hann hafa fengið högg á útlimi, kvið, brjóstkassa, bak og höfuð.

15. Í vottorðinu segir að við skoðun hefði brotaþoli verið með dreifða marbletti um líkamann og báru þessir áverkar merki um að vera eftir endurtekin högg. Hann var með mar og yfirborðsáverka á höfði, hálsi, brjóstkassa og útlimum. Í andliti var hann með yfirborðshrufl, mar yfir enni og vinstra gagnauga. Aftanvert á hnakka var mar og yfirborðshrufl og eymsli. Ofarlega á baki hægra megin var mar þvert, eiginlega yfir herðablaðinu vinstra megin, og náði að miðlínu. Neðarlega á vinstri síðu var mar sem náði undir mjöðm og talsvert upp á brjóstkassann. Virtist það vera eftir endurtekin högg. Yfirborðshrufl og mar var aðeins neðan við mjaðmakambinn. Aftanvert á hálsi þvert yfir var yfirborðsmar, hrufl og eymsli sem bar merki um að þar væri dýpra mar undir. Mar eftir endurtekin högg á báðum öxlum. Mar utanvert á vinstri olnboga niður undir vinstri framhandlegg utanvert og mar, skrámur og eymsli á báðum höndum. Minni áverkar á hægri upphandlegg og framhandlegg. Yfirborðsmar og eymsli á vinstra læri og neðst sár og talsverð bólga neðst á hægri fótlegg. Segir í vottorðinu að þessir áverkar hafi borið þess merki að vera eftir endurtekin högg sem geta samræmst því að vera eftir hafnaboltakylfu og flestir verið frekar línulegir og breiðir.
16. Var brotaþoli greindur með mar og yfirborðsáverka á höfði, hálsi, brjóstkassa, öxl, upphandlegg, olnboga, framhandlegg, úlnlið, hendi, kvið, baki, mjaðmagrind, læri og fótlegg. Þá kemur fram í vottorðinu að talið er að brotaþoli jafni sig á tveimur til þremur vikum og að ekki sé ástæða til að ætla að brotaþoli verði með varanlegar líkamlegar afleiðingar vegna áverkanna.
17. Þá liggur fyrir niðurstaða Orkuhússins, dagsett 16. maí 2024, vegna röntgenmyndar af vinstri öxl brotaþola. Var niðurstaðan sú að grunur léki á ótilfærðu broti í *acromion*.
18. Brotaþoli gaf skýrslu að morgni 9. mars 2024 með réttarstöðu sakbornings. Sagði brotaþoli að þau D hefðu verið að drekka og hefði D viljað fara út. Hann hefði ekki viljað leyfa henni það af því að hann vissi að hún væri að fara til E og ákærða að fá sér eiturlyf. Svo hefði hann fengið hönd í andlitið og það byrjað að blæða og þá hefði hann ýtt D í burtu. Þau hefðu byrjað að þræta og allt í einu hefði ákærði verið kominn með hafnaboltakylfu. Ef lögreglan hefði ekki bankað upp á væri hann örugglega ekki hér núna. Kvaðst hann ekki muna hvort hann hefði tekið D kverkataka en sagði að D hefði lamið hann nokkrum sinnum á andlitið. Hann muni bara eftir sér þegar hann var liggjandi á gólfinu að fá hafnaboltakylfu í höfuðið. Um leið og ákærði kom inn hefði hann fengið kylfuna í andlitið og haldi hann að ákærði hafi verið búinn að berja hann 20–25 sinnum þegar hann hafi heyrt bankað á hurðina. Þá hefði ákærði hægt á sér og brotaþoli náð að fara fram í eldhús og segja D að opna hurðina sem hún hefði á endanum gert og voru þá lögreglumennirnir að koma. Þegar ákærði var að berja hann með kylfunni hefði þeir aðallega verið í stofunni og hefði brotaþoli fyrst verið standandi en svo dottið á gólfið. Kvaðst hann hafa reynt að verja sig en ekki lamið ákærða.
19. Skýrsla var tekin af ákærða að morgni 9. mars 2024 með réttarstöðu sakbornings. Sagði hann að brotaþoli hefði verið að lemja kærustuna sína, þ.e. kærustu brotaþola, og hefði hann verið fjarlægður frá heimili hennar áður. Ákærði sagði að það hefði verið hringt í

hann um miðja nótt og þau E hlaupið yfir og *þá var slegist*. Lögreglan hefði komið um tveimur mínútum á eftir þeim. Það hefði verið búið að brjóta allt og bramla þarna. Þegar þau komu hefði verið opið fram á gang og D og brotþoli verið að öskra á hvort annað. Þau hefðu þá haldið í hvort annað og brotþoli slegið hana með flötum lófa. Kvaðst ákærði ekki hafa lamið brotþola með hafnaboltakylfu en hann hefði komið með slíka kylfu með sér og varið sig með henni til að byrja með. Hann hefði haldið í báða enda kylfunnar og ýtt á móti brotþola. Þau hefðu komið til D af því að þau voru hrædd um hana og hefði brotþoli ráðist á hann um leið og þau komu. Átökin hefði verið hætt þegar lögreglan kom. Þegar ákærða var kynnt að brotþoli hefði verið með áverka sagði hann að brotþoli hefði oft verið laminn síðustu vikur og hefði hann m.a. verið tekinn niður af lögreglu. Væru þessir áverkar ekki eftir hann.

II

Skýrslutökur fyrir dómi

20. Ákærði sagði að hann og [...], vitnið E, hefðu verið sofandi heima hjá honum þegar vitnið D, vinkona þeirra, hefði hringt í þau um miðja nótt. Þetta hefði verið í a.m.k. fimmta skiptið sem hún hefði hringt í þau og óskað eftir aðstoð af því að brotþoli hefði verið að berja hana. Þau E hefðu áður komið til brotþola í svona tilvikum en þá hefðu ekki orðið nein slagsmál heldur hefðu þau talað við brotþola. Þau hefðu heyrt brothljóð í símanum og D hefði verið grátandi og búin að læsa sig úti á svölum. Þau hefðu komið gangandi yfir frá [...] sem tók um fimm mínútur og hefði D enn verið grátandi þegar þau komu og hún hent húslyklum til þeirra niður af svölunum. Hann og E hefðu farið inn í íbúðina á sama tíma en ákærði haldi að hann hafi verið skrefinu á undan. Brotþoli hefði ráðist á hann fyrirvaralaust og þeir farið að slást. Þá hefði allt verið í rúst í íbúðinni. Lögreglan hefði síðan komið og stoppað þetta.
21. Staðfesti ákærði að hann hefði komið með hafnaboltakylfu með sér á vettvang af því að hann hefði ekki vitað við hverju hann mátti búast og hvort brotþoli væri vopnaður. Hann hefði komið með kylfuna til að verja sig en kvaðst ekki hafa beitt henni. Þegar hann hefði komið inn í íbúðina hefði hann haldið á kylfunni. Ákærði hefði hlaupið beint á hann og þá hefði hann haldið kylfunni þannig að hún var flöt fyrir framan hann og haldið með höndunum í sitt hvorn enda hennar og ýtt brotþola frá sér. Hann hefði síðan hent kylfunni frá sér og þeir haldið áfram að slást og skipst á höggum. Þeir hefðu kýlt hvorn annan í bæði andlit og bók og dottið saman á borð og þaðan á gólfið. Hefði þetta gerst hratt. Átökin hefðu staðið í um mínútu áður en lögreglan kom. Sagði ákærði þá hafa lent á stofuborðinu. Þeir hefðu verið í einhvers konar tókum áður en þeir dattu og kylfan kramist inn á milli og þá hefði brotþoli náð að slá hann hnefahögg í hægra gagnauga.
22. Ákærði kvaðst aldrei hafa séð brotþola svona æstan. D hefði ekki náð að lýsa því í símtalinu sem væri í gangi en þó hefði komið fram hjá henni að brotþoli hefði haldið henni upp við vegg og tekið hana hálstaki og lamið hana. Honum hefði fundist brotþoli vera líklegur til alls. Brotþoli hefði hjólað í hann um leið og hann sá hann og sýndi ákærði með höndunum hvernig brotþoli hefði sett báða hnefa kreppta fyrir framan sig

og sagði að brotþoli hefði verið með báða hnefana á undan sér. Ákærði kvaðst hafa haldið á kylfunni þegar brotþoli hljóp á hann og síðan hefði kylfan farið á gólfið en hann hefði eiginlega sleppt henni og hún verið einhvers staðar undir sófanum þegar lögreglan fann hana. Ákærði kvaðst ekki hafa náð að ýta kylfunni að brotþola þar sem hann hefði hlaupið svo hratt að honum og hefði kylfan klemmst á milli þeirra beggja. Hann hefði aldrei beitt kylfunni á brotþola og ekki haft tækifæri til þess.

23. Fram kom hjá ákærða að ekki hefði komið til neinna orðaskipta milli hans og brotþola þegar hann og E komu. Brotþoli hefði öskrað eitthvað þegar þau komu inn og hjólað í hann og hefðu atvik gerst í stofunni. D hefði verið úti á svölum en komið inn eiginlega um leið og þetta byrjaði og E hefði einnig verið þarna og hefðu þær báðar séð þetta allt saman.
24. Ákærða var kynnt að í frumskýrslu lögreglu kæmi fram að þegar lögreglumaður F hefði spurt af hverju brotþoli væri með áverka og hvað hefði valdið þeim hefði ákærði rétt upp hönd og sagst hafa ráðist á hann. Ákærði sagði þá að hann hefði ekki ráðist á brotþola að fyrri bragði en þeir hefðu skolið saman. Spurður hvers vegna hann hefði sagt þetta á vettvangi sagði ákærði að hann hefði meira verið að segja að þeir hefðu verið að slást en ekki verið að meina að hann hefði ráðist á brotþola að fyrri bragði. Viti hann ekki um hvaða áverka var verið að tala.
25. Var ákærða kynnt að brotþoli hefði fengið áverka víðs vegar um líkamann og kvaðst ákærði engar skýringar hafa á því. Ákærði kvaðst einnig hafa hlotið áverka en hann hefði ekki farið á slysadeild. Honum hefði verið illt í bakinu og verið þar með mar og smásár og hlotið áverka höndum og á andliti.
26. Ákærði var spurður hvort hann vissi hvernig áverkarnir brotþola væru til komnir og sagði ákærði að hann vissi bara að þetta væru ekki fyrstu slagsmálin sem brotþoli lenti í. Það hefði oft verið ráðist á hann og hann laminn. Var ákærða kynnt að áverkarnir væru nýlegir og var ákærði spurður hvort hann gæti sagt til um hvernig áverkarnir væru tilkomnir ef hann hefði verið verja sig með kylfunni og sagði ákærði þá að það væri kannski vegna þess að þeir brotþoli hefðu dottið saman á borð. Kvaðst hann ekki hafa tekið eftir því hvort brotþoli hefði verið með áverka þegar hann kom en það gæti alveg verið. Kannski hefðu brotþoli og D verið að slást. Kvaðst ákærði ekki vita til þess að brotþoli hefði lent í öðrum slagsmálum þennan dag.
27. Þá var borinn undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þar sem haft er eftir honum að hann hefði orðið vitni að því að brotþoli hefði slegið D með flötum lófa þetta kvöld og sagði ákærði þá að hann hefði ekki orðið vitni að þessu heldur hefði D sagt honum þetta. Hún hefði þá einnig lýst því að brotþoli hefði haldið henni upp við vegg, lamið hana og slegið.
28. *Brotþoli* sagði að þau D hefðu á þessum tíma búið saman í [...] og hefðu þau verið að rífast. Þau hefðu þá verið búin að vera saman í næstum þrjú ár með hléum en sagði að hann gæti misminnt um tímalengd sambandsins. Ákærði hefði komið inn um dyrnar og hefði brotþoli séð ákærða og svo myndi hann ekki meir fyrir en hann hefði rankað við

sér á gólfinu og hefði ákærði þá verið að lemja hann með hafnaboltakylfu. D og E hefðu verið þarna líka en brotaþoli minntist þess ekki að hafa séð E þá. Síðan muni hann eftir því að það hafi verið bankað í hurðina og lögreglan komið. Sagði hann ekki rétt að hann hefði ráðist á ákærða þegar hann kom inn. Þegar brotaþoli var spurður hvort hann myndi eftir að hafa fengið högg á einhverja tiltekna líkamshluta vísaði hann til þeirra áverka sem hann hefði verið með. Kvaðst hann hafa fengið högg alls staðar, á hendurnar og á hliðarnar. Minnst hann þess að hafa fengið á sig högg. Fram kom hjá brotaþola að hann minntist þess ekki að hafa lamið ákærða. Var brotaþola kynnt að ákærði hefði borið um að brotaþoli hefði ráðist á hann og sagði brotaþoli að hann myndi að ákærði hefði komið aftan að honum og ráðist á hann en hann muni ekki hvernig. Þá muni hann ekki eftir því að hafa dottið á borð.

29. Brotaþoli sagði að D hefði hringt í ákærða og E af því að þau hefðu verið að rífast. Viti hann ekki hvers vegna D hefði verið úti á svölum og muni ekki eftir því þegar D kom inn aftur. Staðfesti ákærði að lögreglan hefði áður komið til þeirra vegna rifrildis en hann hefði aldrei verið fjarlægður af heimilinu. Kvaðst hann ekki hafa varnað D útgöngu úr íbúðinni en stigið fyrir hana þegar hann var að tala við hana en hún hefði neitað að tala við hann. Kvaðst brotaþoli ekki hafa lagt hendur á D. Viti hann ekki hvers vegna D hefði kastað lyklunum til E og ákærða. Það geti vel verið að D hefði fundist hún vera í einhverri neyð en hann hefði verið farinn frá hurðinni. Hún hefði mátt fara allan tímann. Telji hann hvorki að D hafi óttast um líf sinn né haft ástæðu til þess. Staðfesti ákærði að hann hefði ekki viljað að D færi þar sem hann hefði óttast að hún hefði ætlað að fara að neyta fikniefni. D hefði kýlt hann a.m.k. einu sinni í andlitið í þeirra samskiptum og hann þá ýtt henni í burtu. Einnig staðfesti brotaþoli að komið hefði fram kæra á hendur honum í kjölfar málsins en hún verið felld niður. Þá var brotaþola kynnt að D hefði sagt að hún hefði náð að senda E skilaboð og segja að hún þyrfti aðstoð og sagði brotaþoli þá að það hefði verið vegna þess að þau hefðu verið að rífast og hann hefði stigið fyrir hurðina.
30. Var brotaþola kynnt að ákærði hefði borið um að það hefði verið búið að lemja brotaþola ítrekað síðustu vikurnar fyrir árásina og væru áverkarnir ekki eftir hann. Sagði brotaþoli að þetta væri ekki rétt. Hann hefði ekki verið með neina áverka þegar ákærði hefði komið þetta kvöld og hann hefði fengið kylfuna í andlitið þegar ákærði kom inn en muni ekki nánar hvar. Hann muni bara eftir því að hafa rankað við sér á gólfinu en muni ekki eftir því að hafa dottið á gólfið. Viti hann ekki hversu oft ákærði lamdi hann með kylfunni en það hljóti að hafa verið svolítið oft fyrst hann hefði allur verið laminn í klessu. Kynnt að hann hefði sagt hjá lögreglu að ákærði hefði lamið hann örugglega 20–25 sinnum sagði brotaþoli þá að þarna hefði hann giskað.
31. Staðfesti brotaþoli að það væri rétt lýsing í ákæru að ákærði hefði slegið hann endurtekið með hafnaboltakylfu víðs vegar um líkamann, þar á meðal í höfuð og að hann hefði hlotið þá áverka sem þar greinir. Minnst hann þess að hafa fengið högg í höfuðið. Það hefði verið eftir að hann rankaði við sér og hefði höggið lent beint ofan á höfði hans.
32. Fram kom hjá brotaþola að honum hefði ekki liðið vel eftir þetta atvik og verið með mikið af áverkum. Hann hefði allur verið marinn á *sitt hvorum megin hérna niður* og

benti um leið á axlir og niður með síðunum. Hann hefði verið með kúlu á höfðinu og marinn aftan á hálsinum. Í ljós hefði komið þegar hann fór í skanna að hann hefði brotnað á öxlinni. Hann hefði verið mjög lengi að ná sér eftir þetta og væri enn að glíma við afleiðingarnar. Í dag finni hann fyrir kvíða og sé hann enn að leita sér sálfræðiaðstoðar. Einnig finni hann fyrir verkjum í öxlinni þegar hann sé í líkamsrækt.

33. Vitnið *E* sagði að umrætt sinn hefði komið til slagsmála milli ákærða og brotþola. *D*, vinkona hennar, hefði verið í sambandi við brotþola sem hefði átt það til að beita hana ofbeldi. *D* hefði þá hringt í þau og beðið þau að koma henni til bjargar þar sem þau hefðu búið nálægt henni. Þetta hefði verið eitt af þeim skiptum. Fram hefði komið hjá *D* að brotþoli vildi ekki fara og væri að grýta hlutum í gólfíð og einnig hefði hann verið að taka í hana. Hún og ákærði hefðu farið saman á vettvang og sagði hún ákærða ekki hafa tekið með sér hafnaboltakylfu. Minni hana að hún hafi verið komin í íbúðina aðeins á undan ákærða en muni ekki hversu langt ákærði hefði verið á eftir henni. Kvaðst hún hafa heyrt læti þegar þau voru fyrir utan blokkina. Brotþoli og *D* hefðu verið að búin að drekka og hefði brotþoli verið að grýta diskum í gólfíð og verið með læti. *D* hefði verið í uppnámi og það hefði verið drasl úti um allt og brotþoli verið reiður. Þegar ákærði kom inn í íbúðina hefðu byrjað slagsmál á milli hans og brotþola. Kvaðst hún halda að fyrst hefðu farið á milli þeirra einhver örfá orð. Beðin um að lýsa slagsmálunum kvaðst vitnið bara hafa séð þá byrja í slagsmálum við hvorn annan og hún hefði síðan dregið sig afsíðis og sagði svo að hún myndi þetta ekki nógu vel.
34. Eftir að hafa verið kynntur framburður sem hafður var eftir henni í frumskýrslu staðfesti vitnið að *D* hefði verið á svölunum þegar þau komu og hefði hún kastað niður til þeirra lyklum svo þau kæmst inn í íbúðina og að *D* hefði einnig sent þeim SOS-skilaboð og þau þá ákveðið að fara til hennar. Haldi hún að *D* hefði verið við útidyrhurðina þegar hún hefði komið inn. Kvaðst hún halda að brotþoli hefði ekki verið með neina áverka á andlitinu þegar hún kom. Þá sagði vitnið að hún hefði ekki séð neitt ofbeldi milli *D* og brotþola þetta kvöld eins og haft er eftir henni í frumskýrslu.
35. Vitnið kvaðst ekki hafa séð kylfu beitt í átökunum á milli ákærða og brotþola og ekki hafa séð kylfu í íbúðinni. Kvaðst hún halda að hún hefði komið einhverjum mínútum á undan ákærða inn í íbúðina og viti hún ekki hvað ákærði hafi verið að gera á meðan. Þá gæti hún einnig verið að rugla saman tilvikum. Eftir að hún hefði komið inn hefði hún reynt að róa *D* niður en brotþoli hefði verið reiður og grýtt í hana einhverjum orðum. Stuttu seinna hefði ákærði komið. Spurð kvaðst hún ekki þora að fara með það hvernig átökin á milli ákærða og brotþola hefðu byrjað. Minni hana að átökin hefðu hætt þegar lögregla kom og höfðu þau þá ekki staðið lengi. Minnist hún þess ekki að hafa séð áverka á brotþola eða ákærða eftir að átökunum lauk.
36. Vitnið *D* sagði að þegar atvik hefðu gerst hefði samband hennar og brotþola verið búið að vera erfitt og hefði heimilisofbeldi átt sér stað, en samt ekki mjög alvarlegt, en þetta hefði gerst út frá því. Hún hefði oft farið til *E*, bestu vinkonu sinnar og sambýliskonu ákærða, þegar það var búið að vera eitthvert vesen á milli þeirra og var hún þá oft niðurbrotin. Þetta kvöld hefði brotþoli ráðist á hana og hefði hún ætlað að fara út en

hann bannað henni það. Hún hefði þá hringt í E og beðið hana um að koma til að hjálpa sér við að komast út. Það hefði ekki verið önnur meaning með því en það. Svo hefðu E og ákærði komið inn í íbúðina og hefði ákærði verið á undan E. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað að ákærði hefði ætlað að beita ofbeldi. Sagði hún ákærða hafa komið þarna *alveg brjáláður með baseballkylfu og labbar beint inn og byrjar bara að berja hann á fullu*. Þeir hefðu verið að hnoðast þarna eitthvað í slagsmálum. *Hann lemur hann svolítið illa sko*. Þær E hefðu verið eiginlega grátandi og staðið yfir þessu og svo hefði lögreglan komið. Það hefðu engin orðaskipti verið á milli þeirra áður en ákærði réðst á brotþola. Ákærði hefði bara gengið beint inn og hjólað í brotþola. Spurt hvort brotþoli hefði náð að lemja ákærða eitthvað á móti sagði vitnið að hann hefði náð eitthvað að gera það en ekkert mikið. *Þetta var alveg smá slagur*. Þegar vitnið var spurt hvort hún hefði séð hvar högginn með hafnaboltakylfunni hefðu lent sagði vitnið *ekki beint*. *Þetta var mjög mikið bara snúningur* og þeir hafi verið að kasta hvor öðrum yfir allt og utan í hluti.

37. Vitnið sagði að ákærði hefði verið góður vinur hennar á þessum tíma. Þær E væru vinkonur og hún og brotþoli væru nú kunningjar. Minni hana að hún og brotþoli hafi verið að rífast þegar E og ákærði hafi komið. Þau hefðu dinglað en brotþoli hefði reynt að hindra að hún opnaði. Hún hefði ekki búist við því að ákærði myndi ráðast á brotþola. Ákærði hefði verið búinn að fá nóg en þetta hefði ekki verið í fyrsta skipti sem hann vissi af því að það væri búíð að vera vandamál á milli hennar og brotþola. Eftir að hafa verið kynntur framburður ákærða og E fyrir dómi um að hún hefði kastað lyklum til þeirra niður af svölunum sagði hún það vera rétt. Hún hefði gert það af því að hún hefði ekki náð að opna og hefði brotþoli bannað henni það. Þau hefðu komist sjálf upp. Minni hana að brotþoli hafi staðið inni í stofu þegar þau hafi komið inn.
38. Vitnið sagði að þegar atvik gerðust hefðu hún og brotþoli kannski verið búin að vera saman í ár og hefði þetta verið undir lok sambandsins. Lögregla hafði einu sinni eða tvisvar áður komið til þeirra út af heimilisofbeldi. Þetta kvöld hefði brotþoli, auk þess að meina henni útgöngu, reynt að kyrkja hana og ýtt henni hingað og þangað og mögulega slegið frá sér en hún hefði verið hrædd og hefði hann verið að meiða hana. Alls konar hlutir hefðu brotnað þegar brotþoli henti henni utan í þá. Þá hefðu þau bæði verið að kasta einhverjum hlutum.
39. Var vitninu kynnt að fram hefði komið hjá ákærða fyrir dómi að hann hefði borið fyrir sig kylfuna og síðan hefðu orðið slagsmál en hann hefði ekki lamið brotþola með kylfunni og sagði vitnið þá að hún hefði ekki séð ákærða nota kylfuna þannig. Spurt hvort þeir hefðu fallið á borð sagði vitnið að þeir hefðu lent á hillu á veggnum sem var með alls konar skrauti. Þá hefðu þeir verið að detta á alls konar hluti. Slagsmálin hefðu stoppað um leið og þeir áttuðu sig á því að lögreglan væri komin. Brotþoli hefði ekki verið með áverka þegar ákærði kom og minntist hún þess hvorki að brotþoli hefði fengið aðra áverka þennan dag eða dagana á undan né að hann hefði lent í átökum. Minntist hún þess ekki að hafa sjálf veitt honum áverka eða að hann hefði verið með blóðnasir.
40. Var vitninu kynnt að fram komi í skýrslu lögreglu að ákærði hefði rétt upp hönd þegar spurt var hvornig brotþoli hefði fengið áverkana og sagt að hann hefði ráðist á brotþola

út af því að hann hefði verið kominn með nóg og spurt kvaðst vitnið muna eitthvað eftir þessu. Var vitninu kynnt að einnig komi fram í skýrslunni að hún hefði sagt á vettvangi að ákærði hefði verið að verja hana og sagði vitnið að það væri rétt. Þá staðfesti vitnið að hún hefði sagt á vettvangi að enginn hefði verið með hafnaboltakylfu og sagði að ákærði hefði beðið hana um að segja ekki frá kylfunni. Þá var vitninu kynnt að fram komi í skýrslu lögreglu að rétt hefði verið við hana á vettvangi og að hún hefði þá verið í uppnámi og í fyrstu átt erfitt með að tjá sig en síðan lýst atvikum. Var framburður hennar úr frumskýrslu borinn undir hana og staðfesti hún að þar væri rétt eftir henni haft.

41. Staðfesti vitnið að hún hefði ekki séð ákærða nota kylfuna á brotaþola. Þá kvaðst hún ekki muna hvort hún hefði séð ákærða með kylfuna þegar hann kom inn eða hvort hann hefði notað kylfuna í slagsmálunum eða beitt henni á brotaþola. Hún hefði séð kylfuna í lokin en þá hefði ákærði tekið hana eitthvað upp. Svo hefði lögreglan komið. Hún hefði séð að þeim lenti saman um leið og ákærði gekk inn. Þeir hefðu byrjað í fullum slag og hefði hún ekki séð fyrr en í enda slagsins að ákærði hélt á kylfunni. Ákærði hefði byrjað á því að lemja brotaþola með hnefum *eða eitthvað*. Þetta hefði verið eins og glímuslagur eiginlega og hefðu þeir verið að detta út um allt. Sagði vitnið að þetta hefði verið frekar ljótt, ákærði hefði lamið brotaþola miklu meira. Brotaþoli hefði eiginlega engum höggum náð á ákærða. Kvaðst hún hafa heyrt það eftir á að ákærði hefði sett kylfuna undir sófa.
42. Borið var undir vitnið að hún hefði í upphafi skýrslunnar sagt að ákærði hefði komið alveg brjálaður með kylfuna og byrjað að lemja brotaþola á fullu og sagði vitnið þá að hann hefði samt ekki notað kylfuna heldur verið að lemja brotaþola með hnefum. Haldi hún að hnefahöggin hefðu lent úti um allt á brotaþola en aðallega á höfði hans.
43. Einnig var borin undir vitnið útprintun af Snapchat-reikningi E og staðfesti hún að þær hefðu átt þau samskipti sem þar koma fram þetta kvöld. Kvaðst hún muna eftir SOS-skilaboðunum og hefðu ákærði og E komið til hennar stuttu eftir að hún sendi þau.
44. *Lögreglumaður F* kvaðst lítið muna eftir málinu. Var borið undir vitnið að í aðkomuskýrslu er hún ritaði komi fram að hún hefði spurt aðila sem voru á vettvangi hvort þau hefðu orðið vitni að einhverju og þau sagt nei. Þegar vitnið hefði spurt D af hverju brotaþoli væri með áverka og hvað hefði valdið þeim hefði ákærði rétt upp hönd og sagt að hann hefði ráðist á brotaþola. Kvaðst vitnið ekki muna eftir þessu nú og vísa til skýrslu sinnar. Vitnið sagði að hún hefði haft þetta eftir ákærða þegar hún skrifaði skýrsluna. Þá kvaðst hún heldur ekki minnst þess að D hefði sagt að ákærði hefði verið að verja hana, eins og fram komi í skýrslunni. Vitnið staðfesti framangreinda skýrslu sína.
45. *Lögreglumaður B* staðfesti að hafa ritað frumskýrslu málsins. Sagði vitnið að óskað hefði verið eftir aðstoð í [...] en þar hefði verið tilkynnt um læti. Þau hefðu farið á vettvang og heyrt læti koma frá einni íbúðinni og knúið þar dyra. Húsráðandi hefði komið til dyra og bent þeim á aðila inni í eldhúsi sem hún sagði að hefði ráðist á sig. Þá hefðu þau verið aðskilin og brotaþoli komið með þeim fram á gang en þrír aðrir hefðu verið inni í íbúðinni. Vitnið og félagi hennar hefðu rétt við brotaþola en aðrir lögreglumenn farið

inn í íbúðina. Brotapoli hefði verið með sjáanlega áverka víðs vegar um líkamann og sagði hann að ákærði hefði ráðist á sig með kylfu.

46. Vitnið kvaðst hafa rætt við D sem, eftir að hafa verið kynnt réttarstaða sakbornings, hefði sagt að brotapoli, sem væri fyrrum kærasti hennar, hefði veist að sér. Hún hefði óskað eftir aðstoð frá vinkonu sinni sem hefði komið ásamt [...] sem er ákærði. Brotapoli hefði verið með roða hér og þar eins og sjáist á myndum í frumskýrslu. Brotapoli hefði verið uppistandandi þegar þau komu og getað rætt við þau og komið með þeim fram á gang. Átökunum hefði verið lokið þegar þau komu en þau hefðu heyrt læti koma frá íbúðinni þegar þau komu.
47. *Lögreglumaður H* kvaðst minnst þess að hafa komið á vettvang og þá hefði allt verið yfirstaðið. Allt hefði verið í rúst í íbúðinni en örugglega ekki sérstaklega eftir þessi átök. Hún hefði talað við stelpur sem voru þarna inni. Staðfesti vitnið að hafa rætt við D en muni ekki hvernig ástand hennar var.
48. *Lögreglumaður C* kveðst hafa farið í útkall ásamt lögreglumanni B en tilkynnt hafði verið um hávaða og læti í [...]. Þau hefðu komið á vettvang og húsráðandi, að því er hann haldi, D, opnað fyrir þeim. Inni í íbúðinni hefðu verið þrír aðrir, brotapoli, sem vitnið ræddi aðallega við, og tveir aðrir einstaklingar, ákærði og [...]. Þau hefðu tekið brotapola fram á gang og hann því ekkert verið inni í íbúðinni nema alveg í upphafi. Vitnið hefði rætt við brotapola og kynnt honum réttarstöðu sakbornings. Brotapoli hefði sagt að hann hefði verið inni í íbúðinni með þáverandi kærustu sinni, D. Hún hefði viljað fara út og verið ölvuð og reið og hefði hann ekki viljað hleypa henni út og verið hræddur um að hún væri að fara að dópa. Hann sagðist hafa hindrað að hún kæmist út og ýtt henni. Síðan hefðu ákærði og [...] komið á vettvang og hefði D hleypt þeim inn.
49. Vitnið sagði að brotapoli hefði verið frekar skelkaður allan tímann. Hann hefði skolfið svolítið og verið með sjáanlega áverka. Hann hefði sagt að ákærði hefði verið með hafnaboltakylfu og lamið hann ítrekað með kylfunni í líkamann og höfuðið. Áverkarnir virtust vera nýir og voru sumir bólgnir. Þá hefði brotapoli einnig sagt að D hefði slegið hann í andlitið með opnum lófa. Staðfesti vitnið að inni í frumskýrslu væri bókun sem hann hefði ritað um samtal sitt við brotapola og staðfesti hann bókunina.
50. *Lögreglumaður [...], áður G*, kveðst lítið muna eftir málinu. Var vitninu kynnt að í lögregluskýrslu vegna málsins komi fram að vitnið hefði fundið hafnaboltakylfu undir borði fyrir aftan sófann í stofu. Jafnframt var honum kynnt að fyrir lægi upptaka úr bókmyndavél frá vitninu og var honum sýndur hluti af upptökunni. Eftir að hafa séð upptökuna staðfesti vitnið að muna eftir því að hafa fundið kylfuna.
51. *I bráðalæknir* kveðst hafa, ásamt deildarlækni, skoðað brotapola við komu. Brotapoli kvaðst hafa orðið fyrir líkamsárás og sagðist hafa verið sleginn endurtekið með barefli og nefndi hafnaboltakylfu. Við skoðun hefði hann verið með dreifða marbletti eins og lýst er í vottorðinu, á útlimum, baki og hálsi, brjóstakassa, höfði og víðar. Hann hefði verið með línulaga breiða marbletti sem gátu samrýmst því að vera eftir barefli sem gæti hafa verið hafnaboltakylfa eða eitthvað slíkt. Áverkarnir hefðu lítið út fyrir að vera nýir.

Miðað við áverkana geri hann ráð fyrir að þetta hefðu verið talsverð högg. Brotapoli hefði hins vegar ekki verið með innri áverka og engin brot eða slíkt.

52. Var vitnið spurt hvort það væri mögulegt að þetta væru varnaráverkar ef einhver héldi á kylfu til að verja sig og sagði vitnið að brotapolí hefði verið með einhverja áverka á t.d. handleggjum og væri mögulegt að einhverjir af þeim væru varnaráverkar. Brotapoli hefði einnig verið með áverka á hálsinum aftanvert, á síðunni og á brjóstkassanum og það væru ekki varnaráverkar.
53. Spurt hvort þeir áverkar sem brotapolí reyndist vera með gætu verið tilkomnir vegna þess að ákærði og brotapolí hefðu veitt hvor öðrum hnefahögg og síðan fallið á borð og á gólfið sagði vitnið að brotapolí hefði verið með áverka mjög víða. Þetta hefðu verið línulegir marblettir úti um allan líkamann, á handleggjum, brjóstkassa og fótum og víðar. Hann gæti ekki útilokað að einhverjir af þeim væru eftir svona atvik en honum fannst ólíklegt að svona dreifðir marblettir og áverkar væru eftir það að falla á borð. Þá væri erfitt að fullyrða að áverkar sem þessir kæmu vegna hnefahögga. Honum fannst miklu líklega að áverkarnir væru eftir einhvers konar barefli miðað við útlitið á þeim.
54. Var vitninu kynnt að brotapolí hefði leitað áfram til heilsugæslu með umkvartanir vegna vinstri axlar og að grunur hefði verið um ótilfært brot í acromion. Vitnið sagði að það væri uppi á öxlinni þar sem herðablaðið fer yfir í viðbeinið. Var vitninu kynnt að í hans skoðun væri því lýst að brotapolí hefði verið með mar þvert yfir vinstra herðablað og það spurt hvort hann myndi telja það líklegt að þetta ótilfærða brot, sem kom í ljós um tveimur mánuðum seinna, gæti verið vegna árásarinnar. Sagði vitnið að það væri ekki útilokað að brot hefði leynst þarna, einhver sprunga sem sést ekki fyrir en það byrjar að koma gróandi.

III

Niðurstaða

55. Ákærði er ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa slegið brotapola endurtekið með hafnaboltakylfu víðs vegar um líkamann, þar á meðal í höfuð. Í ákæru er háttsemin talin varðar við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en sækjandi gerði þá kröfu til vara að háttsemin yrði ella heimfærð undir 217. gr. sömu laga. Ákærði neitar sök og byggir sýknukröfu sína aðallega á því að sönnun hafi ekki tekist um að hann hafi veist að brotapola eins og í ákæru greinir.
56. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu. Við sönnunarmat þarf að gæta þeirrar meginreglu sem kemur fram í 1. mgr. 109. gr. sömu laga en samkvæmt henni metur dómur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafa, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Við þetta mat geta skýrslur vitna, sem ekki hafa

skynjað atvik af eigin raun, haft þýðingu að því marki að unnt sé að draga ályktanir um sakarefnið af framburði þeirra.

57. Samkvæmt 126. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal m.a. hugað að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn.
58. Af því sem fram er komið í málinu telst óumdeilt að upp kom ágreiningur milli brotþola og vitnisins D sem leiddi til átaka á milli þeirra. D hringdi í vitnið E, [...], og ákærða, og sendi þeim skilaboð og óskaði eftir aðstoð þeirra sem varð til þess að þau komu á vettvang. Þá liggur fyrir að lögregla hefur áður verið kölluð á vettvang vegna hávaða frá íbúðinni vegna D og brotþola. Báru bæði ákærði og E um það fyrir dómi að þau hefðu umrætt sinn talið að brotþoli hefði ráðist á D og væri þetta hugsanlega í fimmta skipti sem D hefði haft samband við þau vegna slíks. Kom fram hjá E að hún hefði heyrt hávaða frá íbúðinni þegar þau komu að. Af framburði ákærða, brotþola, D og E verður ráðið að ákærða og brotþola lenti saman um leið og ákærði kom inn í íbúðina en framburður þeirra um það er ekki á einn veg. Ákærði bar bæði um að brotþoli hefði ráðist á hann og notaði einnig þá lýsingu að þeir hefðu skolið saman. Þá báru ákærði, D og E um það fyrir dómi að ákærði og brotþoli hefðu slegist en brotþoli sagði ákærða hafa slegið sig ítrekað með hafnaboltakylfu. Framburður D er hins vegar frekar óljós hvað það varðar hvort ákærði hafi notað kylfuna í átökunum. Þegar lögregla kom á vettvang voru fjórir framangreindir aðilar í íbúðinni og bar lögreglumaður B um að hafa heyrt hávaða frá íbúðinni þegar hún kom að. Þá er óumdeilt að meintri líkamsárás lauk þegar lögregla kom á vettvang.
59. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að brotþoli hafi á vettvangi sagt ákærða hafa barið sig ítrekað með hafnaboltakylfu og að hann hefði verið með sjáanlega áverka víðs vegar um líkamann og staðfesti lögreglumaður B það fyrir dómi. Þá kemur einnig fram í aðkomuskýrslu lögreglumanns F að ákærði hafi á vettvangi viðurkennt að þeir áverkar sem brotþoli var með væru af hans völdum og staðfesti lögreglumaðurinn framangreinda skýrslu sína fyrir dómi. Að auki má heyra framangreint á upptöku úr bókmyndavél lögreglumanns sem var á vettvangi.
60. Haft er eftir ákærða í skýrslu sem hann gaf hjá lögreglu við rannsókn málsins að hann hefði ekki slegið brotþola með hafnaboltakylfu en komið með slíka kylfu með sér og varið sig með henni til að byrja með. Þá hefði hann haldið í báða enda kylfunnar og ýtt á mótí brotþola sem hefði ráðist á hann um leið og hann kom. Átökin hefðu hætt þegar lögreglan kom. Þá sagði hann áverka brotþola ekki vera eftir sig.
61. Fyrir dómi sagði ákærði brotþola hafa ráðist á sig þegar hann hefði komið inn í íbúðina en notaði einnig það orðalag að þeir hefðu skolið saman. Þeir hefðu farið að slást, m.a. með hnefahöggum, og fallið á borð í átökunum og þaðan niður á gólf. Ákærði kvaðst hafa verið með kylfu þegar hann kom í íbúðina af því að hann hefði ekki vitað við hverju hann mátti búast. Hann hefði haldið kylfunni flatrí þannig að hann hélt með annarri hendi

um annan enda hennar og hinni hendinni um hinn og hefði kylfan lent á milli þeirra þegar brotaþoli réðst á hann. Hann hefði þá ýtt brotaþola frá sér og hann síðan losað sig við kylfuna og aldrei beitt henni á brotaþola. Kvaðst hann engar skýringar hafa á því hvers vegna brotaþoli hefði verið með áverka en kvaðst sjálfur einnig hafa hlotið áverka við þetta. Fram kom hjá ákærða að það hefðu gengið hnefahögg á milli hans og brotaþola og þeir kýlt hvorn annan í andlit og bók. Staðfesti ákærði að hafa á vettvangi, þegar lög-
reglumaður spurði hver hefði valdið áverkum brotaþola, sagt að hann hefði valdið þeim og kvaðst þá hafa verið að meina að þeir hefðu verið að slást en hann hefði ekki vitað um hvaða áverka var að ræða. Metur dómurinn þann framburð ákærða ótrúverðugan með hliðsjón af því sem heyra má af upptökunum.

62. Í frumskýrslu málsins er haft eftir brotaþola á vettvangi, eftir að honum hafði verið kynnt réttarstaða sakbornings, að hann hefði reynt að ræða við ákærða en ákærði hefði snappað og byrjað að berja hann víðs vegar um líkamann og í höfuðið með hafnaboltakylfunni þangað til lögregla kom á vettvang. Staðfesti lögreglumaður C framangreint fyrir dómi. Þá má á upptöku úr bókmyndavél heyra brotaþola segja ákærða hafa lamið hann svona 20 sinnum í höfuðið með kylfu og einnig að ákærði hefði lamið hann úti um allt, í höfuðið líka. Í skýrslu brotaþola hjá lögreglu við rannsókn málsins sagði hann að þau D hefðu verið að þræta og hefði ákærði síðan allt í einu verið kominn með hafnaboltakylfu. Brotaþoli muni bara eftir sér þegar hann var liggjandi á gólfinu að fá hafnaboltakylfu í höfuðið. Um leið og ákærði hefði komið inn hefði brotaþoli fengið kylfuna í andlitið og haldi hann að ákærði hafi verið búinn að berja hann 20–25 sinnum þegar hann heyrði að það var bankað á hurðina og lögreglan kom.
63. Fyrir dómi sagði brotaþoli að ákærði hefði komið inn um dyrnar á íbúðinni og svo muni hann ekki meira fyrr en hann rankaði við sér á gólfinu og hefði ákærði þá verið að lemja hann með hafnaboltakylfu. Síðan muni hann eftir því að það var bankað á dyrnar og lögreglan kom. Þá minntist hann þess ekki að hafa lamið ákærða. Brotaþoli kvaðst hafa fengið högg á hendurnar og alls staðar og í hliðarnar og muni hann eftir því að hafa fengið högg á sig. Þá hefði hann fengið högg á höfuðið. Það hefði verið eftir að hann rankaði við sér og hefði höggið lent beint ofan á höfði hans. Kvaðst brotaþoli hafa fengið þá áverka sem lýst er í ákæru.
64. Framburður vitnisins E fyrir dómi var í nokkru samræmi við önnur gögn hvað varðar aðdraganda atvika. Hvað varðar meinta líkamsárás sagði vitnið ákærða ekki hafa verið með hafnaboltakylfu meðferðis en ákærði, brotaþoli og D báru öll um það fyrir dómi að hann hefði verið með kylfu. Vitnið lýsti því að síðan hefðu slagsmál byrjað á milli ákærða og brotaþola en gat lítið lýst þeim og var framburður hennar óljós. Það er mat dómsins að framburður vitnisins hafi verið á reiki og óöruggur, auk þess sem hann fái, um meginatriði málsins, ekki stoð í öðrum gögnum. Við mat á framburði vitnisins er einnig lítið til þess að hún var [...] þegar atvik gerðust, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Er það mat dómsins að framburður vitnisins hafi verið ótrúverðugur og verður niðurstaða málsins ekki á honum byggð.

65. Vitnið D sagði í skýrslu sinni fyrir dómi hvað varðar meinta líkamsárás að ákærði hefði komið *alveg brjáláður með baseballkylfu og labbar beint inn og byrjar bara að berja hann á fullu*. Var framburður vitnisins hins vegar nokkuð óljós þegar hún lýsti meintri árás nánar. Ítrekaði hún að ákærði hefði gengið beint inn og hjólað í brotaþola. Hún sagði ákærða og brotaþola hafa verið að hnoðast eitthvað í slagsmálum og ákærða hafa lamið brotaþola svolítið illa og að brotaþoli hefði eitthvað náð að lemja ákærða á móti og sagði þetta hafa verið *alveg smá slagur* og þeir verið að kasta hvor öðrum yfir allt og utan í hluti. Kvaðst hún ekki hafa séð hvar högginn með hafnaboltakylfunni hefðu lent. Þá sagði vitnið að hún hefði ekki séð ákærða bera fyrir sig kylfuna og halda þá í sinn hvorn enda hennar. Þegar leið á skýrslu vitnisins kvaðst hún ekki hafa séð kylfuna fyrr en í lokin og að ákærði hefði byrjað á því að lemja brotaþola með hnefum *eða eitthvað*. Sagði vitnið að þetta hefði verið frekar ljótt, ákærði hefði lamið brotaþola miklu meira en brotaþoli sem hefði eiginlega engum höggum náð á ákærða. Staðfesti vitnið að hafa sagt við lögreglu á vettvangi að ákærði hefði ekki verið með hafnaboltakylfu og hafa sagt það af því að ákærði hefði beðið hana um. Þá kvaðst hún hafa heyrt að ákærði hefði sett kylfuna undir sófa. Við mat á framburði vitnisins lítur dómurinn til þess að vitnið var, þegar atvik gerðust, kærasta eða fyrrverandi kærasta brotaþola, og ákærði var [...], sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Þrátt fyrir að vitnið hefði ekki lýst því að ákærði hefði lamið brotaþola með kylfunni, og að framburður hennar um kylfuna hafi verið óljós, þá voru lýsingar hennar þannig að augljóst var að ákærði hafði undirtökin í átökunum og að brotaþoli hefði lítið getað svarað til baka. Verður að telja það samrýmast því sem liggur fyrir um þá útbreiddu áverka sem brotaþoli reyndist vera með og framburði brotaþola. Þrátt fyrir að framburður vitnisins hafi að einhverju leyti verið vera á reiki, eins og að framan er rakið, er það því mat dómsins að líta beri til hans hvað varðar framangreint.
66. Skýrt kemur fram í vottorði sem ritað var vegna komu brotaþola á bráðamóttöku í kjölfar atviksins og vætti læknis sem skoðaði hann þá að lögun þeirra marbletta sem brotaþoli var með samræmist því að hann hefði verið barinn ítrekað með ílöngu barefli eins og hafnaboltakylfu og kemur þar fram að áverkarnir væru breiðir og línulaga. Samræmist þetta myndum af áverkum brotaþola. Þá bar læknirinn um að hugsanlega væru einhverjir af þeim áverkum sem brotaþoli var með á höndum varnaráverkar en flestir áverkarnir væru eftir endurtekin högg. Með vísan til framangreinds er því hafnað að áverkarnir gætu hafa komið til vegna hnefahögga eða við fall brotaþola á borð ásamt ákærða og síðan á gólfið eins og ákærði bar um. Þá voru áverkar brotaþola nýlegir og eru engar forsendur til að ætla að brotaþoli hafi þegar verið kominn með áverkana þegar atvik gerðust. Þá er ekkert fram komið sem styður þann framburð ákærða að hann hefði einnig verið með áverka eftir atvikið.
67. Ekki fæst séð að rannsókn á því hvort lífsýni úr brotaþola væri að finna á kylfunni hefði orðið til þess að upplýsa frekar um atvik.
68. Eins og að framan er rakið hefur framburður ákærða verið nokkuð á reiki í gegnum meðferð málsins, m.a. hvað það varðar hvort hann hafi valdið brotaþola þeim áverkum sem lýst er í ákæru og hvernig átökin byrjuðu. Þá hafði hann hjá lögreglu borið um að hafa séð brotaþola beita D ofbeldi þetta kvöld en sagði svo ekki vera fyrir dómi. Var það fyrst

fyrir dómi sem hann lýsti því beint að hann og brotaþoli hefðu slegið hvorn annan í höfuð og líkama og að þeir hefðu dottið á borð. Þá fær framburður hans um það hvernig hann hafi haldið á kylfunni ekki stoð í öðrum gögnum. Eru lýsingar hans ekki til þess fallnar að skýra þá áverka sem brotaþoli reyndist vera með eins og að framan er rakið. Með vísan til framangreinds og þegar litið er heildstætt til atvika og málgagna er það mat dómsins að framburður ákærða sé ótrúverðugur hvað varðar meinta líkamsárás og verður ekki á honum byggt við úrlausn málsins.

69. Framburður brotaþola hefur í meginatriðum verið stöðugur í gegnum meðferð málsins. Verður af honum ráðið að ákærði hafi slegið hann með kylfu fljótlega eftir að ákærði kom inn í íbúðina og að við höggið virðist hann hafa dottið á gólfið. Fyrir dómi mundi brotaþoli ekki eftir atvikum frá því að hann sá ákærða koma inn og þar til hann rankaði við sér á gólfinu en hjá lögreglu kvaðst hann þá hafa fengið kylfuna í andlitið. Virðist sem brotaþoli hafi þá dottið út um stund. Hann hafi síðan rankað við sér á gólfinu og hafi ákærði þá verið að slá hann með kylfunni. Fær framburður brotaþola stoð í vottorði og vætti framangreinds læknis og ljósmyndum af áverkum sem teknar voru á bráðamóttöku. Er það mat dómsins að framburður brotaþola sé trúverðugur og verður hann lagður til grundvallar niðurstöðu málsins.
70. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið með sér hafnaboltakylfu á vettvang. Fyrir liggur samkvæmt framburði lögreglumanns G að slík kylfa fannst undir borði á vettvangi. Í málinu liggur fyrir ljósmynd af þeirri kylfu sem fannst á vettvangi og verður af henni ráðið að um hafi verið að ræða nokkuð hefðbundna hafnaboltakylfu sem er rúmlega hálfur metri á lengd. Ekki liggur fyrir úr hvaða efni hún er eða þyngd hennar. Engu að síður telur dómurinn að um sé að ræða hættulegt vopn í skilningi 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940. Samkvæmt ofangreindu er ákærði talinn hafa slegið brotaþola víðs vegar um líkamann með kylfunni, þar á meðal háls og höfuð.
71. Fyrir liggur að ákærði og E höfðu áður haft afskipti af brotaþola þegar ágreiningur kom upp á milli hans og D og bar ákærði um að málið hefði þá verið leyst með samtali. Eins og fram er komið tók ákærði kylfu með sér á vettvang en ekkert er fram komið sem bendir til þess að hann hafi reynt að ræða við ákærða í þetta sinn heldur veist beint að honum eins og brotaþoli og D báru um og var árásin fyrirvaralaus. Þá linnti árás ákærða ekki fyrr en lögregla kom á vettvang. Með vísan til framangreinds, framburðar brotaþola, vottorðs og vættis læknis er skoðaði brotaþola í kjölfar meintrar árásar og framburðar D um framgang árásarinnar er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi veist að brotaþola eins og lýst er í ákæru og er háttsemi hans talin varða við 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.
72. Ákærði byggir sýknukröfu sína einnig á því að um neyðarvörn hafi verið að ræða. Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 19/1940 segir að það verk sé refsilaust sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólög-mætri árás sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum sem séu aug-sýnilega hættulegri en árásin og tjón það sem af henni mátti vænta gaf ástæðu til. Þá segir í 2. mgr. að hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar samkvæmt 1. mgr. og ástæðan sé sú að hann hafi orðið svo skelfdur eða forviða að hann gat ekki fullkomlega

gætt sín skuli honum ekki refsað. Samkvæmt dómaframkvæmd hvílir ekki sú skylda á ákæruvaldinu að hnekkja staðhæfingu ákærða um atvik sem horft gætu honum til refsileysis.

73. Telst óumdeilt að það kom til ágreinings á milli brotþola og D og að hún hafi í kjölfar þess kallað eftir aðstoð sem hafi leitt til þess að ákærði og E komu á vettvang. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að átök hafi staðið yfir á milli brotþola og D þegar ákærði kom eða verið yfirvofandi. Þá fær framburður ákærða um að brotþoli hafi veist að honum ekki stóð í öðrum gögnum, en framburður D samrýmist framburði brotþola um að það hafi verið ákærði sem veittist að brotþola um leið og ákærði kom inn í íbúðina. Þannig verður ekki ráðið af því sem fram er komið í málinu að ákærða eða D hafi stafað ógn af brotþola þegar atлага ákærða hófst. Er því ekki uppfyllt það skilyrði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 19/1940 að háttsemin hafi verið nauðsynleg til þess að verjast eða afstýra ólögmatrí árás sem byrjuð er eða vofir yfir. Þannig telst ósannað að skilyrði neyðarvarnar hafi verið uppfyllt.
74. Með vísan til framangreinds telur dómurinn sannað svo að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæða.

IV

75. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 4. febrúar 2026, hefur ákærði fjórum sinnum frá því á árinu 2019 gengist undir greiðslu sektar með sektargerð lögreglustjóra vegna ýmist umferðarlagabrota, brots gegn lögum um ávana- og fíkniefni eða vopnalögum. Þá var ákærði með dómi héraðsdóms 11. nóvember 2021 dæmdur til greiðslu sektar og sviptingar ökuréttar vegna umferðarlagabrota. Loks gekkst ákærði undir greiðslu sektar með sektargerð lögreglustjóra 14. ágúst 2025 vegna vopnalagabrots. Er refsing sú sem ákærða verður gerð nú hegningarauki vegna þeirrar sektargerðar, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
76. Við ákvörðun refsingar ákærða verður til refsilyngingar litið til 1., 3. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, en árás ákærða var hættuleg og beindist gegn lífi og heilsu brotþola. Ákærði á sér engar málsbætur en dómurinn telur, eins og atvikum er háttað, að engar forsendur séu til að líta til þess að jákvæðar hvatir hafi leitt til þess að ákærði framdi verknaðinn, þ.e. að hann hafi verið að aðstoða vinkonu sína sem hann taldi hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu brotþola. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði skilorðsbundið eins og í dómsorði greinir.
77. Með vísan til 1. töluliðar 1. mgr. 69. gr. a laga nr. 19/1940 er gerð upptæk rauð hafnaboltakylfa (munur [...]) sem haldlögð var við rannsókn málsins.
78. Af hálfu brotþola er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 1.200.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot og hefur með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 gagnvart brotþola. Er háttsemi ákærða til þess fallin að valda

brotapola miska. Af fyrirbyggjandi læknisvottorði og framburði brotþola verður ráðið að brotin hafi valdið honum vanlíðan. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 600.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði, en krafan var birt fyrir ákærða ásamt fyrirfalli 20. febrúar 2026. Þá greiði ákærði brotþola 300.000 krónur í málskostnað.

79. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, sem eru hæfilega ákveðin 1.000.000 króna, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og 55.130 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins.
80. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Harpa Sólveig Björnsdóttir saksóknarfulltrúi.
81. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Alfreð Þór Jóhannesson, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Upptæk er gerð rauð hafnaboltakylfa (munur [...]).

Ákærði greiði A 600.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 9. mars 2024 til 20. mars 2026 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 300.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 1.000.000 króna, og 55.130 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)